

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag fyrir heimaland Hlíðarenda, Sveitarfélaginu Ölfusi, vatnsátöppunarverksmiðja.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 11. júlí 2007 samþykkt deiliskipulag fyrir heimaland Hlíðarenda, Ölfusi, fyrir vatnsátöppunarverksmiðju, og sbr. 4. mgr. 25. gr. sömu laga og 2. mgr. gr. 6.4 í skipulagsreglugerð, afgreitt deiliskipulagið sem er dagsett 15. desember 2006. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun og tekur til nýtingar svæðisins og að skilgreina framkvæmdasvæði og byggingarreit fyrir vatnsátöppunarverksmiðju.

Á lóðinni er heimilt að byggja vatnsátöppunarverksmiðju ásamt tilheyrandi mannvirkjum. Skilgreindur er byggingarreitur fyrir verksmiðjuna og mögulega stækkun síðar. Á deiliskipulagsupphætti er einnig merktur byggingarreitur fyrir borholur og mannvirki tengd þeim.

Skilgreindur er byggingarreitur fyrir manir og aðlögun að landi umhverfis byggingarreit.

Vatnsverndarsvæði liggur að skipulagssvæðinu á þrjá vegu. Um er að ræða grannsvæði sem skilgreint er í aðalskipulagi Ölfuss 2002-2014 með vísan í breytingar á reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns frá 2001. Vatnsátöppunarverksmiðjan mun afla vatns í lindum eða borholum á brunnsvæði samkvæmt því sem kemur fram í deiliskipulaginu.

Greinargerð og upphætti hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Þorlákshöfn, 2. nóvember 2007.*

**Sigurður Jónsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 2. nóvember 2007